

Nr. 064 / 11 Kóni II SH 52***Fær á sig brotsjó***

Skipaskr.nr. 2682
Smíðaður: Reykjavík 2005 plast
Stærð: 11,8 brl. 14,5 bt.
Mesta lengd: 12,06m Skráð lengd: 11,93 m
Breidd: 3,28 m Dýpt: 1,31m
Vél: Volvo Penta 334 kW, 2005
Fjöldi skipverja: 3

Gögn:

Gögn RNS



Kóni II ©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. nóvember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 16. maí 2011 var Kóni II SH 52 á siglingu tvær sml. vestur af Öndverðarnesi. Veður: NV 14 m/sek

Vegna veðurs var siglt á hægri ferð og áður en ein aldan brotnaði yfir bátinn sló skipstjóri meira af ferðinni en áður en hann hafði rétt sig við hvolfdist annað brot yfir bátinn. Sjórinn tók með sér skyggni ofan við framglugga stýrishússins og braut inn bakborðs rúðuna svo siglingatæki skemmdust. Skipstjórinn sneri bátinum undan, lensaði suður fyrir Malarrif og leitaði hafnar á Arnarstapa.

Við rannsókn kom fram:

- að eftir að bátinum var snúið undan veðrinu var sett plast fyrir gluggann svo sjór kæmist ekki inn á lensinu suður með ströndinni;
- að glugginn sem brotnaði var 65 sm að hæð og 125 sm á breidd sem var tvöföld rúða með loftrými á milli (einangrunarúða). Glerið var af Velas gerð, hert perlu öryggisgler, 6 mm þykk hver rúða.
- að sögn skipstjóra voru engir blindhlerar um borð til að loka gluggum eins og í tilfellum sem þessum;
- að gluggarnir áttu að uppfylla kröfur Norðurlandareglna um smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 m. Samkvæmt þeim átti glerið að vera a.m.k. 12 mm, án loftrýmis, fyrir þessa stærð af rúðu;
- að samanlagt náðu báðar rúðurnar máli en það uppfyllti ekki kröfur þar sem tvær rúður með loftrými á milli hafa ekki sama styrk og samlímdar.

Nefndarálit:

Orsök óhappsins er sú að báturinn fékk á sig sjó og stýrishúsrúðan hafði ekki þann styrk sem til var ætlast samkvæmt reglugerð.